

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2015, miðvikudaginn 9. desember kl. 9:20, var haldinn 129. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. eða Vindheimar. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Sverrir Bollason, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Hildur Sverrisdóttir, Sigurður Ingi Jónsson og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Bjarnason, Oddrún Helga Oddsdóttir og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. **Lindargata, stæði fyrir hreyfihamlaða** Mál nr. US150257
(USK2015110043)

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 20. nóvember 2015, þar sem lagt er til að almennt stæði við norðurkant Lindargötu á móti nr. 33 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

2. **Umferðarhraði í Reykjavík, starfshópur,** Mál nr. US150259
erindisbréf

Umhverfis- og skipulagsráð leggur til il að settur verði á laggirnar starfshópur varðandi umferðarhraða í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar. Einnig lagt fram erindisbréf umhverfis- og skipulagssviðs ódags.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að skipa eftirtalda fulltrúa í starfshópinn: Fulltrúa Samfylkingarinnar Sverri Bollason áheyrnarfulltrúa Pírata Sigurborgu Ó. Haraldsdóttur og fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Ólaf Kr. Guðmundsson.

3. **Sniðtalningar, umferðartalningar** Mál nr. US150263

Lagðar fram skýrslur umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, varðandi meðalferðatíma og umferðartalningar í Reykjavík dags. í nóvember 2015.

Kynnt.

(A) Skipulagsmál

4. **Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa** Mál nr. SN010070
Reykjavíkur, fundargerð

Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 27. nóvember 2015 og 4. desember 2015.

5. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-30 -** Mál nr. SN150741
Miðborgin, ákvæði um starfsemi í
miðborginni

Umhverfis- og skipulagssviði er falið að endurmeta einstök stefnuákvæði Aðalskipulags Reykjavíkur um miðborgina, einkum sérstök ákvæði um starfsemi á landnotkunarsvæðum og stýringu starfsemi á einstaka götusvæðum (götuhlíðum) (sjá bls. 195, 204-209, í kaflanum Landnotkun) og enn fremur almenn markmið um miðborgina eftir því sem við á (sjá kaflann Miðborgin), samanber einnig bókun umhverfis -og skipulagsráðs frá 30. september 2015. Til grundvallar endurmati er

þróun uppbyggingar síðustu misseri, úttektir og greiningar á núverandi stöðu og reynslan af notkun gildandi stefnuákvæða.
Samþykkt.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Veghúsastígur 9 og 9A, breyting á** (01.152.4) Mál nr. SN150691
deiliskipulagi
150769-3969 Þórður Birgir Bogason, Lækjarvað 5, 110 Reykjavík
561214-2200 Ark Studio ehf., Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Ark Studio ehf., mótt. 16. nóvember 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðanna nr. 9 og 9A við Veghúsastíg. Í breytingunni felst breytt notkun íbúðarhúsnæðis á vestari hluta lóðar í íbúðar- og/eða atvinnuhúsnæði, heimild til reksturs gistiheimilis í flokki I, II eða III, rífa núverandi tengibyggingu á baklóð og byggja nýja tengibyggingu með kjallara milli húsanna, stækkun á byggingareit, hækkun á nýtingarhlutfalli o.fl., samkvæmt uppdr. Ark Studio ehf. dags. 16. nóvember 2015. Einnig er lagt fram umboð RR hótels ehf., dags. 16. nóvember 2015.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 43.gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. **Stangarholt 3-11, deiliskipulag** (01.246.1) Mál nr. SN150006

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 3-11 við Stangarholt. Í skipulagstillögunni felst skipting lóðar, gera byggingarreit fyrir færanlega skólastofu vestan megin leikskólans o.fl., samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. júlí 2015. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa að Stangarholti 3-11, mótt. 18. maí og 9. og 17. júlí 2015. Tillagan var auglýst frá 30. september til og með 25. nóvember 2015. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Ragnhildur S. Birgisdóttir, dags. 11. nóvember 2015 og beiðni Hverfisráðs Hlíða um frest til að skila inn umsögn. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 4. desember 2015.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2015.

Vísað til borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Engjateigur 7, breyting á deiliskipulagi** (01.366.5) Mál nr. SN150687
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf., mótt. 11. nóvember 2015, varðandi breytingu á deiliskipulagi Sigtúnsreits vegna lóðarinnar nr. 7 við Engjateig. Í breytingunni felst að innkeyrsla á lóðina er færð, afmarkaður er nýr einnar hæðar byggingarreitur fyrir hliðhús á lóðinni, bílastæðum á lóðinni er fækkað úr 57 í 12 og komið er fyrir tæknirýmum og geymslum í bílajakjallara. Jafnframt er sett inn heimild fyrir allt að 4,5 m hárrí öryggisgirðingu á lóðinni, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf., dags. 30. október 2015. Einnig er lagt fram bréf Arkís Arkitekta ehf., dags. 11. nóvember 2015.

Frestað.

9. **Tangabryggja 18-24, breytingu á** (04.023.1) Mál nr. SN150727
deiliskipulagi
700896-2429 Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Hamraborg 11, 200 Kópavogur

Lögð fram umsókn Vektor, hönnun og ráðsgjöf ehf., mótt. 26. nóvember 2015, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Bryggjuhverfis vegna lóðarinnar nr. 18-24 við Tangabryggju. Í breytingunni felst breyting á stærðarsamsetningu íbúða í húsinu, samkvæmt tillögu Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., dags. 26. nóvember 2015.

Samþykkt með vísan til 2. mgr. 12. gr. samþykktar um umhverfis- og skipulagsráð.

Samþykkt að falla frá frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Lágholtsvegur 15, breyting á deiliskipulagi** (01.52) Mál nr. SN150387
610711-1030 Gláma/Kím ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík

Lögð fram tillaga Glámu-Kím dags. 3. desember 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Lýsisreits vegna lóðar nr. 15 við Lágholtsveg. Í breytingunni felst m.a. að leiðrétta lóðarstærð. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 15. september 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. desember 2015.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 43.gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Bústaðavegur 151-153, lýsing** (01.826.1) Mál nr. SN150638
deiliskipulagsbreytingar

Að lokinni kynningu er lögð fram lýsing skipulagsfulltrúa dags. 26. október 2015 vegna deiliskipulagsbreytingar á lóðunum nr. 151 og 153 við Bústaðaveg, þróunarsvæði þ59 í Aðalskipulagi. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir/ábendingar: Lögmál f.h. Atlantsolíu ehf., dags. 25. nóvember 2015, Kristín Árnadóttir, dags. 29. nóvember 2015 og Hörður Einarsson, dags. 30. nóvember 2015. Einnig er lögð fram umsögn Vegagerðarinnar dags. 16. nóvember 2015, umsögn skipulagsstofnunar, dags. 18. nóvember 2015, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 30. nóvember 2015, bréf Garðabæjar, dags. 30. nóvember 2015, ábending sveitarfélags höfuðborgarsvæðisins, dags. 1. desember 2015 og umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 1. desember 2015.

Athugasemdir og ábendingar kynntar.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **Miklubraut frá Rauðarárstíg að** (01.82) Mál nr. SN150574
Lönguhlíð, deiliskipulag

Lögð fram tillaga Landslags ehf., dags. 7. desember 2015 að deiliskipulagi Miklubrautar sem afmarkast af lóðarmörkum húsa við Miklubraut 24-66 og til norðurs af gróðurbelti meðfram Klambratúni. Til vesturs eru mörk skipulagsins við Rauðarárstíg og til austurs við Lönguhlíð. Í tillögunni felst að koma fyrir forgangsleið fyrir Strætó í austurátt meðfram Miklubraut sunnanveðri. Einnig er lagður fram skýringaruppdráttur og hljóðvistarskýrsla dags. 7. desember 2015.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 43.gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. **Fossvogsvegur (Vigdísarlundur), lýsing** (01.849) Mál nr. SN150641
deiliskipulags

Lögð fram lýsing vegna deiliskipulags svæðis í vestanverðum Fossvogi sem afmarkast af Fossvogsvegi, Árlandi og göngustígum, dags. 28. október 2015. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. nóvember 2015.

Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt að vísa lýsingunni til umsagnar Skipulagsstofnunar, Hverfisráðs, og annarra sviða borgarinnar og stofnana ríkisins eftir því sem við á.

Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur. Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Breiðholtsbraut, göngubrú** (04.6) Mál nr. SN150224
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á fundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2015 var lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 20. apríl 2015, vegna samþykktar borgarráðs 16. apríl 2015 á svohljóðandi tillögu borgarstjóra: "Lagt er til að borgarráð samþykki að unnið verði deiliskipulag fyrir göngubrú yfir Breiðholtsbraut til móts við Select. Deiliskipulagið verði unnið í samráði við Vegagerðina og í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur." Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt þremur tillögum Reykjavíkurborgar og verkfræðistofnunar Eflu, dags. 19. nóvember 2015, og skýrslu Eflu, dags. 23. nóvember 2015.

Kynnt.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Grundarstígsreitur, lýsing,** (01.18) Mál nr. SN150738

Lögð fram lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 4. desember 2015, vegna gerð nýs deiliskipulags reits 1.183.3, Grundarstígsreits, sem afmarkast af Grundarstíg, Spítalastíg, Þingholtsstræti og Skálholtsstíg.

Lýsing samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt að vísa lýsingunni til umsagnar Skipulagsstofnunar, Hverfisráðs miðborgar, og viðeigandi nefnda og deilda Reykjavíkurborgar.

Lýsingin verður aðgengileg á vef umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur. Vísað til borgarráðs.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

Kl. 11:36 víkur Sigurborg Ó Haraldsdóttir af fundi

(B) Byggingarmál

16. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 853 frá 1. og 8. desember 2015.

(D) Ýmis mál

17. **Loftslagsfundur í París, COP21, Kynning** Mál nr. US150261

Sagt frá loftlagsráðstefnunni sem haldin var í París í desember 2015.

Hrönn Hrafnisdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

18. **Umhverfis- og skipulagssvið,** Mál nr. US130045
innkaupaskýrsla (USK2015020003)
- Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í nóvember 2015.
19. **Umhverfis- og skipulagssvið, níu mánaða** Mál nr. US150273
uppgjör
- Lagt fram níu mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2015 ásamt verkstöðuskýrslu nýframkvæmda janúar til september 2015.
20. **Gjaldskrár, breyting miðað við nýjar** Mál nr. US150274
verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar
- Lagðar fram breyttar gjaldskrár miðað við breyttar verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar sem samþykkt var í borgarstjórn 1. desember 2015.
Samþykkt
Vísad til borgarráðs.
Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Hildur Sverrisdóttir og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sigurður Ingi Jónsson sitja hjá við afgreiðslu málsins.
21. **Betri Reykjavík, passa að strætóar komi á** Mál nr. US150265
réttum tíma (USK2015120003)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „passa að strætóar komi á réttum tíma“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. nóvember 2015. Erindið var efsta hugmynd nóvembermánaðar 2015 í málaflokknum samgöngur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 2. desember 2015.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 2. desember 2015 samþykkt.
22. **Betri Reykjavík, fjölga Strætó í** Mál nr. US150268
Grafarholtinu á kvöldin og um helgar
(USK2015120007)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „fjölga Strætó í Grafarholtinu á kvöldin og um helgar“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. nóvember 2015. Erindið var fjórða efsta hugmynd nóvembermánaðar 2015 í málaflokknum samgöngur. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 2. desember 2015.
Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngustjóra, dags. 2. desember 2015 samþykkt.
23. **Betri Reykjavík, gangstétt í Einholtinu** Mál nr. US150267
(USK2015120006)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „gangstétt í Einholtinu“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. nóvember 2015. Erindið var þriðja efsta hugmynd nóvembermánaðar 2015 í málaflokknum samgöngur.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur.

24. **Betri Reykjavík, færa sorphirslu í borginni í nútímabúning (USK2015120005)** Mál nr. US150266
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „færa sorphirslu í borginni í nútímabúning“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. nóvember 2015. Erindið var önnur efsta hugmynd nóvembermánaðar 2015 í málaflokknum umhverfismál.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæði.
25. **Betri Reykjavík, göngustíg og gangstétt yfir Hallsveg frá Rimahv. í Foldahv. (USK2015120008)** Mál nr. US150269
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „göngustíg og gangstétt yfir Hallsveg frá Rimahv. í Foldahv.“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. nóvember 2015. Erindið var fimmta efsta hugmynd nóvembermánaðar 2015 í málaflokknum umhverfismál.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, umhverfisgæði.
26. **Betri Reykjavík, fræðsluskilti um herbyrgin í Öskjuhlíð (USK2015120009)** Mál nr. US150270
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „fræðsluskilti um herbyrgin í Öskjuhlíð“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. nóvember 2015. Erindið var efsta hugmynd nóvembermánaðar 2015 í málaflokknum ýmislegt.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, framkvæmda og viðhalds.
27. **Betri Reykjavík, gangstíg á Vínlandsleið (USK2015120010)** Mál nr. US150271
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „gangstíg á Vínlandsleið“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. nóvember 2015. Erindið var efsta hugmynd nóvembermánaðar 2015 í málaflokknum framkvæmdir.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, framkvæmda og viðhalds.
28. **Betri Reykjavík, fjölga grænum svæðum og grafa bílastæðin í jörð (USK2015120011)** Mál nr. US150272
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
- Lagt fram erindið „fjölga grænum svæðum og grafa bílastæðin í jörð“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. nóvember 2015. Erindið var efsta hugmynd nóvembermánaðar 2015 í málaflokknum skipulag.
Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.
29. **Reykjavíkurlflugvöllur, kæra 59/2014, (01.6)** Mál nr. SN140361
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 4. júlí 2014 ásamt kæru dags. 3. júlí 2014 þar sem kærð er ákvörðun Reykjavíkurborgar dags. 1. apríl s.á. að breyta deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurlflugvöll. Einnig lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra., dags. 14. júlí 2014 og 19. nóvember 2015.
30. **1.172.0 Brynjureitur, kæra 60/2013, (01.172.0)** Mál nr. SN130345
úrskurður
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 5. júlí 2013 ásamt kæru vegna samþykktar deiliskipulags Brynjureits í umhverfis- og skipulagsráði 22. maí 2013. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 25. nóvember 2015. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun borgarráðs 30. maí 2013 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Brynjureits.

31. **Brekknaás 9, kæra 11/2013, úrskurður** (04.764.1) Mál nr. SN130265
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. febrúar 2013 ásamt kæru dags. 8. febrúar 2013 þar sem kærð er synjun á byggingarleyfisumsókn fyrir breyttu innra skipulagi og bæta við aðstöðu húss á lóð nr. 9 við Brekknaás. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 24. nóvember 2015. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

32. **Hverfisgata 20, kæra 104/2013, umsögn, úrskurður** (01.171.0) Mál nr. SN130529
621299-4179 Úrskurðarnefnd skipul/byggmál, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála ásamt kæru, dags. 25. október 2013, vegna ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík að veita leyfi fyrir veitingahúsi í flokki 3 á Hverfisgötu 20. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 10. janúar 2014. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 25. nóvember 2015. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúa frá 13. ágúst 2013 um að veita byggingarleyfi til að innrétta veitingahús í flokki 3 á Hverfisgötu 20.

33. **Kjalarnes, Hof, afmörkun lóða** Mál nr. SN150547
200252-3229 Eygló Gunnarsdóttir, Brekkugata 13, 220 Hafnarfjörður

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. nóvember 2015 um samþykkt borgarráðs 19. nóvember 2015 varðandi afmörkun tveggja lóða í landi Hofa á Kjalarnesi.

34. **Fossháls 17-25, Dragháls 18-26, breyting á deiliskipulagi** (04.304.3) Mál nr. SN150625
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf, Hraunbrún 30, 220 Hafnarfjörður

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. nóvember 2015 um samþykkt borgarráðs 19. nóvember 2015 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags lóðarinnar að Fosshálsi 17-25 og Dragháls 18-26.

35. **Lindargata 11, breyting á deiliskipulagi** (01.151.2) Mál nr. SN150666
171270-5889 Sveinn Björnsson, Búland 28, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. nóvember 2015 um samþykkt borgarráðs 19. nóvember 2015 um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis, vegna lóðarinnar að Lindargötu 11.

36. **Túngata 11A, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN150674
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. nóvember 2015 um samþykkt borgarráðs 19. nóvember 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Landakots vegna afmörkun lóðar fyrir grenndarstöð að Túngötu 11A.

37. **Pingholtsstræti 16, breyting á deiliskipulagi** (01.18) Mál nr. SN150544

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 20. nóvember 2015 um samþykkt borgarráðs 19. nóvember 2015 vegna breytinga á deiliskipulagi reits 1.118.0 MR, lóðarinnar að Þingholtsstræti 16.

38. **Laufásvegur 70, breyting á deiliskipulagi** (01.197.3) Mál nr. SN150543

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 30. nóvember 2015 um samþykkt borgarráðs 26. nóvember 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.197.2-3, Smáragötureits, vegna Laufásvegs 70.

39. **Óðinsgata 8b, Fyrirspurn fulltrúa** Mál nr. US150275
Framsóknar og flugvallarvina

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina

"Mál nr. BN050167. Óskað er eftir upplýsingum um það hvort það sé almenn stefna að breyta íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði á þessu svæði, hvort hefð sé fyrir því að veita undanþágu frá ákvæðum um aðgengi fyrir alla í nýju verslunarhúsnæði og hvernig samræmist málsmeðferðin hæfisreglum stjórnarsýslulaga þar sem um er að ræða umsókn frá æðsta embættismanni borgarinnar sem afgreidd er með undanþágu."

Vísad til umsagnar byggingarfulltrúa.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:15

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Gísli Garðarsson
Hildur Sverrisdóttir

Sverrir Bollason
Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Sigurður Ingi Jónsson

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2015, þriðjudaginn 1. desember kl. 10:30 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 853. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Björn Kristleifsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Harri Ormarsson, Jón Hafberg Björnsson og Eva Geirsdóttir
Fundarritari var Harri Ormarsson

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Aðalstræti 2** (01.136.101) 100527 Mál nr. BN050306
510907-0940 Reitir I ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lækka jarðveg framan við norðurvegg kjallara, setja nýja glugga og nýjar útidyr á vegginn og koma fyrir nýjum tröppum niður í gryfjuna sem myndast framan við húsið á lóð nr. 2 við Aðalstræti.
Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 24. nóvember 2015.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN048688
450314-0210 Landstólpar þróunarfélag ehf., Grófinni 1, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja á reit 1 fimm hús, G1 og G2, T1, T2 og T3, fjögurra og fimm hæða með verslunum á jarðhæð og 73 íbúðum á efri hæðum og á reit 2 tvö verslunar- og skrifstofuhús, L1 og T4, fimm og sex hæða með verslunum á tveimur neðstu hæðum og skrifstofum á efri hæðum og bílakjallara með 120 stæðum á báðum reitum á lóð á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Erindi fylgir brunahönnun og greinargerð um hljóðvist frá Verkís dags. 1. desember 2014, janúar, maí og júní 2015, umsögn fagrýnihóps byggingarfulltrúa dags. 20. mars 2015, yfirlit yfir fornminjar á svæðinu frá Borgarsögusafni Reykjavíkur dags. 8. júní 2014 og umsögn um hugsanlega fornleifafundi frá Minjastofnun Íslands dags. 25. júní 2015 og 2. júlí 2014, samþykki meðlóðarhafa vegna uppdráttar dags. 2. júní 2015, samþykki meðlóðarhafa vegna vinnu við heildarbílakjallara dags. 22. júní 2015 bréf frá Reginn dags. 17.3. 2015.
Einnig yfirlýsing Minjastofnunar og Landstólpa dags. 25. nóvember 2015, áætlun varðandi sorp og úrgang dags. 10. júlí og samþykki lóðarhafa v/heildarbílakjallara dags. 23. nóvember 2015.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 23. janúar 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2015.
Bílakjallari, mhl. 08: 5.019,8 ferm., 21.243,5 rúmm.
G1 og G2, mhl. 04: 5.693,2 ferm., 19.777 rúmm.
T1, T2 og T3, mhl. 05: 4.975 ferm., 19.066,8 rúmm.
L1, mhl. 07: 9.356,2 ferm., 36.047,2 rúmm.
T4, mhl. 06: 2.291,2 ferm., 8.827 rúmm.
Samtals A-rými: 27.335,4 ferm., 103.653,3 rúmm.
Samtals B-rými: 617,9 ferm., 2.381,2 rúmm.
Samtals C-rými: 886,1 ferm.
Gjald kr. 9.500
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN050327
530513-1060 Kolufell ehf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi til að hefja jarðvegsframkvæmdir á byggingareit nr. 5 á lóðinni Austurbakki 2. Tilgangurinn er að kanna klöpp og mun

tilraunaniðurrekstur á 3-5 forsteypum staurum verða gerður í desember og janúar nk.
sbr. yfirlitsmynd
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

4. **Austurstræti 3** (01.140.213) 100834 Mál nr. BN050208
510213-0170 Bara gaman ehf., Vallarbraut 8, 170 Seltjarnarnes
700410-1450 Reykjavík Rent ehf, Hverfisgötu 105, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað fyrir 99 gesti í flokki III tegund F í húsi á lóð nr. 3 við Austurstræti.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
5. **Austurv Thorvaldsens** (01.140.418) 100859 Mál nr. BN050331
610593-2919 Lindarvatn ehf., Fossaleyni 21, 112 Reykjavík
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi jarðvinnu vegna fornleifarannsóknna á lóð nr. 4-6 við Thorvaldsenstræti.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
6. **Árleynir 4** (02.920.101) 221220 Mál nr. BN050134
531202-3410 Tækniskólinn ehf., Skólavörðuholti, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir millilofti og flóttastiga að utan frá núverandi millipalli í húsinu á lóð nr. 4 við Árleyni.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. nóvember 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. nóvember 2015.
Stækkun millipalls: 201,9 ferm
Gjald kr. 9.823 + 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Ármúli 5** (01.262.002) 103514 Mál nr. BN050326
621012-0100 F3 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að einangra og klæða að utan með sléttum álplötum, breyta innra skipulagi, byggja flóttastiga á austurgafli og innrétta gististað í flokki ?? teg. ?? með 60 herbergjum í mhl. 01 á lóð nr. 5 við Ármúla.
Erindi fylgir orkuramma dags.. 21. nóvember 2015.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
Málinu vísad til umsagnar skipulagsfulltrúa.
8. **Baldursgata 16** (01.186.202) 102231 Mál nr. BN049354
680289-1079 Bú ehf., Baldursgötu 14, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi íbúðar 0301 og byggja svalir á suðurhlíð (bakhlið) þakhæðar,einnig er sótt um leyfi til að byggja svalir og stiga ofan í garð frá íbúð á 1. hæð fjölbýlishússins á lóðinni nr. 16 við Baldursgötu.
Jafnframt er erindi BN047413 dregið til baka.

Erindi var grenndarkynnt frá 25. júní til 23. júlí 2015. Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júlí 2015.

Meðfylgjandi er yfirlýsing hönnunarstjóra dags. 15.4. 2015, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8.6. 2015 og útskýring á eignarhaldi dags. 8.6. 2015.

Gjald kr. 9.823

Frestað.

Lagfæra skráningu.

9. **Borgartún 29** (01.218.103) 102775 Mál nr. BN050080
561299-4209 RA 6 ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki I í rými 0002 og í 0102 og koma fyrir útblástursröri og gasskáp á norðurhlið hússins á lóð nr. 29 við Borgartún.
Umboð frá RA 6 ehf. dags. 9. okt. 2015. Tölvupóstur frá hönnuði þar sem farið er fram á að fjarlægja skráningartöflu dags. 22. okt. 2015. Bréf frá hönnuði ódags. Bréf frá umsækjanda ódags. fylgir.
Samþykki fylgir á teikningu dags. 7. október 2015
Gjald kr. 9.823 + 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
10. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN047928
520613-1370 Höfðatorg ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tólf hæða fjölbýlishús með 94 íbúðum og verslunarrýmum á jarðhæð við Bríetartún, mhl. 09, merkt S1 í deiliskipulagi, á tveggja hæða kjallara sem tengist þegar byggðum bílakjallara á lóð nr. 8-16 við Borgartún.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. október 2014 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. október 2014.
Einnig bréf frá umsækjanda varðandi staðsetningu sorpgeymslu dags. 22. október 2014, brunahönnun frá Eflu dags. 25. ágúst 2015 og yfirlit um nýtingarhlutfall á lóð dags. 15. september 2015. Meðfylgjandi eru tvö bréf frá arkitekt um sorphirðu dags. 5.11. 2015.
Stærðir: Kjallari -1, 1.001,6 ferm., kjallari 00, 1.042,2 ferm., 1. hæð 1.092,7 ferm., 2., 4. og 6. hæð 1.091,8 ferm., 3., 5., og 7. hæð, 1.078,9, 8. hæð, 505,6 ferm., 9. og 10. hæð, 495,6 ferm., 11. hæð, 478,3 ferm., 12. hæð 463,9 ferm. og 13. hæð 19,8 ferm.
Samtals A-rými: 12.107,4 ferm., 41.244,6 rúmm.
B-rými: 522,7 ferm., 1.548,6 rúmm
C-rými: 145,7 ferm.
Gjald kr. 9.500+9.823+9.823+9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
11. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN050298
681205-3220 HTO ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047928, djúpgámum er fjölgað og þeir færðir til skráningar í S1, á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísad til athugasemda á umsóknarblaði.
12. **Borgartún 8-16A** (01.220.107) 199350 Mál nr. BN050330
560192-2319 Eykt ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að leiðrétta skráningu, sjá erindi BN049912, á nýsamþykktu verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 8-16A við Borgartún.

Gjald kr. 9.823

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.

13. **Brautarholt 6** (01.241.204) 103022 Mál nr. BN050100
561208-0690 Karl Mikli ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lyfta þaki til suðurs, innrétta 6 íbúðir og byggja tvennar svalir á norðurhlið og ferner á suðurhlið 4. hæðar skrifstofuhúss á lóð nr. 6 við Brautarholt. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 30. október 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. október 2015. Einnig samþykki meðeigenda dags. 12. október 2015, greinargerð um algilda hönnun dags. 18. nóvember 2015 og ósk um grenndarkynningu dags. 25. nóvember. Stækkun: 34,9 ferm., 56,5 rúmm. Gjald kr. 9.823
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.
Vísað er til uppdráttar nr. 1.1-01 - 1.1-04 síðast breytt 27. nóvember 2015.
14. **Brekknáás 9** (04.764.103) 112469 Mál nr. BN050262
551211-0450 Brekknaás 9 ehf., Brekknaás 9, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að staðsetja 40" gám í 12 mánuði norðan við hús á lóð nr. 9 við Brekknaás. Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
Gáminn skal fjarlægja fyrir 1. desember 2016.
15. **Eyjarslóð 5** (01.111.403) 100025 Mál nr. BN050216
711003-2070 Prikíð ehf, Bankastræti 12, 101 Reykjavík
470714-0930 Eyjarslóð 5 ehf., Hlíðasmára 8, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN048792 þannig að komið er fyrir aðstöðu fyrir starfsmenn á lager, innra skipulagi breytt og flóttaleið til norðurs bætt við og brunahólfun endurskoðuð í húsinu á lóð nr. 5 við Eyjarslóð. Gjald kr. 9.823 + 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
16. **Fannafold 176** (02.852.303) 109998 Mál nr. BN050314
170460-3919 Birkir Leósson, Fannafold 176, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja sólskála á hluta svala á 1. hæð og sótt er um áður gerðar breytingar á kjallara þar sem kemur fram að tekið er í notkun hluti af útgröfnu rými og búið er að koma fyrir glugga á það í húsinu á lóð nr. 176 við Fannafold. Stækkun: 48,2 ferm., 302,1 rúmm. Gjald kr. 9.823
Frestað.
Lagfæra skráningu.
17. **Fossaleynir 1** (02.456.101) 190899 Mál nr. BN050115
521009-2090 Kvikmyndahöllin ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að koma fyrir glerskyggni úr hertu gleri og prófíljárnum á suðurhlið inngangs í Keiluhöllina í Egilshöll í húsinu á lóð nr. 1 við Fossaleyni. Stærð glerskyggnis: 3,2 ferm., 8,3 rúmm. Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

18. **Frakkastígur 8** (01.172.109) 101446 Mál nr. BN050282

500613-0170 Blómapiing ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa það sem eftir er af matshluta 01 á lóð nr. 8 við Frakkastíg.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 20. nóvember 2015.

Stærð niðurrifs: 1.219,8 ferm., 4.310,8 rúmm.

Gjald kr. 9.823

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

19. **Fríkirkjuvegur 11** (01.183.413) 101973 Mál nr. BN049604

631007-1630 Novator F11 ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta veitinga- og ráðstefnusal fyrir 155 gesti þar sem sótt verður um tækifærisleyfi fyrir hvern viðburð í kjallara og á 1. hæð, lækkuð verður gólfplata í hliðarsal, taka niður svið í sal í sömu hæð og gólfplatan, koma fyrir salernum, koma fyrir matarlyftu/þjónustulyftu við eldhús og fólkslyftu frá kjallara upp á 1. hæð ásamt öðrum breytingum sem nefndar eru í byggingalýsingu á teikningu og sótt er um leyfi til að innrétta verður íbúð á 2. hæð og í risi, fjarlægður verður stigi á milli 1. og 2 hæðar og hann geymdur, breyta núverandi útitróppum við suðurgafli, koma fyrir lyftu vegna aðkomu hreyfihamlaða og fjölga þakgluggum á austanverðu úr 2 í 6 stykki í húsinu á lóð nr. 11 við Fríkirkjuveg. Einnig er lagt fram minnisblað byggingarfulltrúa dags. 17. ágúst 2015.

Bréf frá hönnuði dags. 16. júní 2015 og aftur 15. júlí 2015, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 9. júní 2015, bréf frá Forsætisráðuneytinu dags. 12 maí 2015 og Greinargerð hönnuðarstjóra dags. 16. júní 2015, minnisblað frá byggingarfulltrúa dags. 23. nóv. 2015 fylgir erindinu. Umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. júlí 2015 fylgir erindinu.

Gjald kr. 9.823 + 9.823

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

Nikulás Úlfar Músson lýsti sig vanhæfan til meðferðar málsins og vék af fundi við afgreiðslu þess. Óskar Torfi Þorvaldsson, yfirverkfræðingur tók sæti hans á fundinum undir þessum lið.

20. **Garðastræti 34** (01.161.009) 101190 Mál nr. BN050059

040967-4789 Garðar Snorri Guðmundsson, Heiðarbakki 14, 230 Keflavík

091070-5379 Fanney Petra Ómarsdóttir, Heiðarbakki 14, 230 Keflavík

Sótt er um samþykki á reyndarteikningu af einbýlishúsi á lóð nr. 34 við Garðastræti.

Gjald kr. 9.823 + 9.823

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. **Grensásvegur 12** (01.295.406) 103853 Mál nr. BN050003
 561208-0690 Karl Mikli ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík
 Sótt er um leyfi til að byggja flóttastiga á norðurgafli og innrétta gististað í flokki II, teg. gistiheimili með 22 herbergjum í mhl. 02 á lóð nr. 12 við Grensásveg.
 Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. október 2015 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. október 2015.
 Einnig lýsing á brunavörnum dags. 15. október 2015 og samþykki meðeigenda áritað á uppdrætti.
 Stækkun: 74 rúmm.
 Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
